

231

28. des.

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún, nr. 117 20. desember 1931, samanber reglugerðir nr. 3 19. janúar 1937 og nr. 90 20. júlí 1938.

Öll gjöld samkvæmt 8., 9. og 14. gr. hafnarreglugerðarinnar skulu frá og með 1. janúar 1944 innheimtast með 100% viðauka, þar til annað kynni að verða ákveðið.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

232

30. des.

REGLUR

um breyting á reglum um störf kjötmatsmanna, nr. 82 10. ágúst 1933.

1. gr.

7. gr. reglnanna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem selja á innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölu-stöðum, skal metið, flokkað og merkt, sem hér segir:

- a. Dilkakjöt, sem selja á nýtt eða frosið, skal skoðað af lækni, merkt og metið gæðamati af kjötmatsmanni eftir sömu reglum, sem gilda um freðkjöt til útflutnings, sbr. 10. gr. Undanþegið þessum ákvæðum skal þó það kjöt, sem selt er á sumarmarkaði. Enn fremur getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessum ákvæðum að fengnum tillögum hlutaðeigandi yfirkjötmatsmanns og kjötverð-lagsnefndar.

Stórhöggvið saltað dilkakjöt skal flokkað og merkt eftir sömu reglum, sem gilda um saltkjöt til útflutnings.

Spaðsaltað dilkakjöt skal flokkað og tunnur merktar á þessa leið:

Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega 12 kg og þar yfir, skal merkja:

SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT A

Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega undir 12 kg, skal merkja:

SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT B

Heimilt er að meta sérstaklega holdgóða skrokka, sem vega 14 kg og þar yfir og merkja tunnurnar:

SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT ÚRVAL

- b. Kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé, sem selja á nýtt, frosið eða saltað, skal flokkað, metið gæðamati og merkt, sem hér segir:

Kjöt af algeldum ám og sauðum tveggja og þriggja vetra, skal merkja S.I., ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og feitir, en S.II., séu þeir rýrari.

Kjöt af geldum ám, sem eru eldri en þriggja vetra, skal merkja G.I., ef skrokkarnir eru vel feitir.

Kjöt af veturgömlu fé skal merkja V.I. ef skrokkarnir eru holdgóðir og vel feitir, en V.II. séu þeir rýrari.

Kjöt af mylkum ám og rýru geldfé skal merkja Æ.I., ef skrokkarnir eru 232
sæmilega holdgóðir, en Æ.II. séu þeir rýrari, teljist þeir söluhæfir til neyzlu. 30. des.

Kjöt af fullorðnum hrútum, teljist það söluhæft, skal merkt H.I. ef skrokkarnir eru holdgóðir, en H.II., séu þeir lakari.

Merkin skal setja á miða, sem bundnir eru við skrokkana, eigi að selja kjötið nýtt eða frosið, en á tunnubotna, ef um saltkjöt er að ræða, og skal þá setja framan við merkin: „Spaðsaltað“ eða „Stórhöggvið“, eftir því sem við á.

Kjötmatismenn skulu ekki taka í nefnda flokka annað kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé en það, sem er vel útlítandi og sæmilega holdgott, en þó skal sérstaklega vanda til flokkanna S.I. og G.I.

Í matsvottorðum sé tilgreind kjöþyngd í hverri tunnu, þegar um saltkjöt er að ræða.

Kjötmatismenn varðveiti merkiplöturnar og mega ekki aðrir nota þær.

2. gr.

Reglur þessar ganga í gildi þegar í stað.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt lögum frá 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1932, um kjötmat o. fl., og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

233

30. des.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu í allt að 15 C stiga frosti, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins reiknast þannig:

- Af hverju húsi skal greitt fast gjald, miðað við hitaþörf hússins samkvæmt ákvörðun Hitaveitunnar. Nemur gjald þetta kr. 4.64 á mánuði fyrir hverjar 1000 hitaeiningar, sem talið er að hitaþörfin sé á klst.
- Auk þess greiðist fyrir vatnsnotkunina samkvæmt vatnsmæli kr. 0.68 — sextíu og átta aurar — fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr.

Í 4½ mánuð að sumri til ber þó aðeins að greiða helming þeirra gjalda, sem ákveðin eru samkvæmt 3. gr., og miðast það tímabil við álestur á vatnsmæla, sem næst 14. maí og 30. september.